

**Fundur umhverfis- og skipulagsráðs 11. janúar 2023:**

**Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokkss Íslands um að öryrkjum sé heimilt að kaupa afsláttarkort á farmiðasölustöðum í borginni**

Lagt er til að öryrkjar megi kaupa afsláttarkort á þeim farmiðasölustöðum sem aðrir farþegar geta og mega kaupa á.

**Greinargerð:**

Eins og staðan er núna mega öryrkjar einungis kaupa afsláttarkort sín í gegnum Klapp appið eða með því að fara í móttöku Strætó á Hesthlási 14. Það er ekki boðleg framkoma við öryrkja að einungis einn sölustaður sé í boði til þess að kaupa slík kort. Þeir ættu að geta keypt afsláttarkortin sín á sömu sölustöðum og aðrir farþegar. Ekki allir eiga kost á eða þekkingu á snjallsímanotkun, og því nauðsynlegt að gott aðgengi sé að miðakaupum með öðrum leiðum.